

hve miklum. Við mat á óþægindum skal m.a. taka mið af veðurfari á árinu með hliðsjón af meðalaðstæðum. Niðurstöður athugunar skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um hugsanlega endurnýjun starfsleyfis eða endurskoðun, ef þörf krefur, með auknum mengunarvarnarkröfum.

3. Eftirlitsgjöld.

- 3.1. Fyrirtækið greiðir árlega eftirlitsgjald, sem standa skal undir reglubundnu eftirliti, í samræmi við þriðja flokk gjaldskyldra fyrirtækja sbr. 3. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990 með síðari breytingum.

4. Gildistaka.

- 4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við ákvæði í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1994.

5. Ákvæði til bráðabirgða.

- 5.1. Fyrir 1. september 1992 skal fyrirtækið hafa gengið frá lóð verksmiðjunnar í samræmi við grein 1.2. og 2.1. og hafa uppfyllt ákvæði um olú- og lýsisgeyma í samræmi við greinar 2.14. og 2.15.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 640/1989, um greiðslufrest á virðisauka-
skatti í tolli, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer bætast við viðauka reglugerðarinnar:
1212.9901, 1212.9909, 3916.1009, 3916.2009, 3916.9009, 3917.2209, 3920.5909, 4409.1009,
4409.2009, 7419.9902, 8535.9000.

2. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr viðauka reglugerðarinnar:
1212.9900, 1519.3000, 3916.1000, 3916.2000, 3916.9000, 3917.2200, 3920.5900, 4409.1000,
4409.2000, 7419.9903, 8535.9001, 8535.9009.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 34. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 20. janúar 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.